



Reykjavík 11. desember 2020

Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Ágæta samverkafólk.

Í ljósi fréttáflutnings af bóluefni og skipulagi bólusetningar, má ætla að við förum að sjá fyrir endann á heimsfaraldrinum. Enn þurfum við samt að fylgja leiðbeiningum yfirvalda um sóttvarnir og ekki ætlum við að gefa tommu eftir, í þeim efnum. Ný reglugerð vegna faraldursins tók gildi í gær, **fimmtudaginn 10. desember og gildir til 12. janúar 2021**. Reglugerðina í heild má finna hér: [https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Reglugerð%20um%20takmörkun%20á%20samkomum%20vegna%20farsóttar%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Reglugerð%20um%20takmörkun%20á%20samkomum%20vegna%20farsóttar%20-%20Copy%20(1).pdf)

Í ljósi orðalags reglugerðarinnar um kirkjuna (3.gr. d) og er varðar menningarstarfsemi (5. gr.) óskaði ég bréfleiðis eftir því að ráðuneytið myndi skilgreina reglugerðina betur, í ljósi þess fjölbreytta starfs sem fram fer í kirkjum landsins. Svára er að vænta frá ráðuneytinu, þegar þetta er sent eru þau ókomin. Til upplýsinga fylgir bréfið til ráðuneytisins, með þessu bréfi.

Ég ákvað hins vegar, þrátt fyrir þetta, að senda ykkur bréf og taka af skarið með ákveðna þætti, sem ég tel mikilvægt að koma sérstaklega á framfæri við ykkur og kalla ykkur til samstarfs með.

1. Helgihald á jólum verður með fordæmalausni sniði:

Ljóst er orðið að helgihald á helgum jólum verður með fordæmalausni sniði árið 2020. Ég þakka ykkur, prestum, organistum, djáknum, kirkjuvörðum, kirkjuhöldurum, sóknarnefndum og öllum sem hafa með hugmyndaauðgi og nýsköpun fundið nýjar leiðir í þjónustunni. Farvegur fagnaðarerindisins verður á öldum ljósvakans, í sjónvarpi, á samfélagsmiðlum, í streymi og eftir öðrum þeim leiðum sem fundnar hafa verið að undanförunu. Hefðbundið helgihald yfir jólahátíðina verður því ekki í kirkjum landsins að þessu sinni.

2. Frá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra bærust eftirfarandi skilaboð:

Í ljósi þess að einstaka kirkjur eru að safna fólki saman utandyra, vill almannavarnadeild ríkislögreglustjóra koma því vinsamlega á framfæri við Biskupsstofu að bæði útifundir og kirkjuathafnir hvers konar, að undanskildum útförum, eru óheimilar skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1105/2020 komi þar saman fleiri en tíu manns.

3. Persónuvernd og streymi athafna:

Varðandi útsendingar í beinu streymi gildir það sama og almennt um myndbandsupptöku og myndbirtingar í kirkjunni. Ef birta á myndir af einstaklingum þarf skriflegt samþykki sem uppfylla skilyrði persónuverndarlaga. *Sjá eyðublað í viðhengi.*

Ef myndefnið er barn þá þarf að hafa í huga tilmæli persónuverndar, sjá hér:

<https://www.personuvernd.is/personuvernd/frettir/tilmaeli-vegna-notkunar-samfelagsmidla-i-skola-og-fristundastarfi>

Í tilmælunum er því beint til lögaðila að setja ekki persónuupplýsingar um börn á samfélagsmiðla. Myndir og nöfn eru dæmi um persónuupplýsingar.

Með vísan til framangreinds má álykta að hægt sé að setja myndir af fullorðnu fólki inn á samfélagsmiðla, sé fullnægjandi samþykki fyrir hendi, en ekki af börnum.

Þau svör hafa fengist frá Persónuvernd að tilmælin nái einnig til lokaðra hópa á samfélagsmiðlum, s.s. lokaðra spjallpráða eða aðgangsstýrðra Facebook-síðna sem og þegar birting er í stutta stund, s.s. í streymi. **Þá gilda tilmælin jafnvel þó foreldrar séu samþykkir birtingunni.**

Kirkjur eiga enn að geta birt myndir og myndbönd af börnum á heimasíðum sínum, teljist síðurnar ekki til samfélagsmiðla. Í slíkum tilvikum þarf þó samþykki forráðamanna og rétt er að afla einnig samþykkis barna, sérstaklega ef um ræðir börn sem náð hafa 12 ára aldri.

Meðfylgjandi þessu bréfi er samþykkisform sem hægt er að útfæra og aðlaga að aðstæðum hverju sinni, en þó dugar það ekki sem heimild fyrir því að setja myndefni af börnum inn á samfélagsmiðla. Ef einhverjar spurningar vakna um persónuverndarmálin má alltaf ráðfæra sig við Brynju Dögg Guðmundsdóttur Briem, framkvæmdastjóra kirkjuráðs, sem starfað hefur sem persónuverndarfulltrúi á Biskupsstofu brynja@biskup.is, 528-4000.

4. Starfið í sóknunum, og útfarirnar:

Starfið í sóknunum tekur mið af aðstæðum á hverjum stað og prestar, sóknarnefndir og starfsfólk kirknanna verða að meta það hvort starfið rúmast innan þeirra reglna sem í gildi eru hverju sinni.

Sem fyrr má finna nýjustu reglugerðirnar á vef heilbrigðisráðuneytisins. Í 3. grein reglugerðarinnar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, kemur fram að 10 manna hópreglan á við kirkjuathafnir hvers konar, svo sem giftingar, fermingar og aðrar trúarsamkomur. Við útfarir mega koma saman **50 einstaklingar**. Enn gildir að ekki má hólfaskipta kirkjum við útfarir eða aðrar athafnir. Misvísandi skilaboð varðandi hólfaskiptinguna frá ráðuneyti heilbrigðismála hafa borist. Framvegis mun ráðuneytið vísa fyrirspurnum þessa efnis til Biskupsstofu.

Tveggja metra reglan gildir og grímuskylda þar sem ekki er hægt að tryggja tveggja metra regluna.

Þau bréf sem send hafa verið vegna heimsfaraldursins eru öll aðgengileg á heimasíðu kirkjunnar, kirkjan.is, sjá hér: <https://kirkjan.is/default.aspx?pageid=709c618c-efd6-4f9b-994e-da97cda7b696>.

Ég þakka Guði fyrir ykkur, hvert og eitt, hugmyndaauðgina og eljuna. Munum að biðja fyrir hvert öðru, biðja fyrir samfélaginu, heiminum öllum. Munum að bera samfélagið á bænarörmum, hver á sínum stað, þrátt fyrir að allt sé með breyttu sniði þetta árið.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.